



**156. Fundur bæjarráðs Blönduóssbæjar
miðvikudaginn, 22. mars, 2006, kl. 12:00.**

**Formaður bæjarráðs, Ágúst Þór Bragason, setti fund og stjórnaði honum.
Bæjarstjóri ritaði fundargerð. Mæting skv. undirskriftum.**

Dagskrá og afgreiðslur:

1. Erindi frá Hvöt, fulltrúar mæta á fundinn.

Mætt er Þórhalla Guðbjartsdóttir, formaður Hvatar til viðræðna um Blönduósvöll. Óskaði hún eftir frekari samvinnu við sveitarfélagið um áframhaldandi uppbyggingu vallarins. Fór hún yfir nokkrar framkvæmdir sem ráðast þarf í á næstunni.

Bæjarráð felur tæknideild í samvinnu við Hvöt að gera vinnuáætlun um framkvæmdir þar sem verkefnum yrði forgangsraðað og kostnaður metinn.

2. Erindi frá Lárusi Jónssyni.

Bréfitari leggur fram kauptilboð um kaup á íbúðum sveitarfélagsins að Mýrarbraut 20, Mýrarbraut 24 og Mýrarbraut 28 að upphæð alls 18, 6 mkr. Bæjarráð hafnar kauptilboðunum

Einnig óskar bréfitari eftir viðræðum við bæjaryfirvöld um úthlutun lóðar undir parhús. Bæjarráð samþykkir að boða Lárus til fundar vegna lóðamála.

3. Erindi varðandi skipulagsmál á Vallholti.

Júlíus B. Líndal óskar eftir að lóðin Vallholt verði skilgreind sem atvinnusvæði og vísar hann í álagningu fasteignagjalda árið 2006.

Óskað er eftir umsögn skipulags- og byggingarnefndar um málið.

4. Erindi frá Veiðifélagi Blöndu og Svartár.

Fram lagður úrskurður Héraðsdóms NV þar sem staðfest er að rétt hafi verið af Sýslumanninum á Blönduósi að synja Stefáni Stefánssyni um lögbann á byggingu veiðihúss félagsins. Lagt fram til kynningar.

Fjórir fulltrúar Blönduóssbæjar sóttu félagsfund Veiðifélagsins sem haldinn var í Húnaveri 15. mars 2006.

5. Fundargerð Heilbrigðisnefndar NV.

Fundargerðin er frá 14. mars sl. og er lögð fram til kynningar.

6. Drög að deiliskipulagi v. byggingarlóða.

Fram lagðar teikningar. Bæjarráð samþykkir að frekari vinna við gerð deiliskipulags haldi áfram.



7. Önnur mál.

a. Trúnaðarmál.

Bókað í trúnaðarbók.

b. Kauptilboð í fasteignir.

- *Aðalbjörg S. Sigurvaldadóttir gerir tilboð í fasteignina að Mýrarbraut 24, Blönduósi. Tilboðið hljóðar uppá kr. 6.660.000,-. Bæjarráð hafnar erindinu. Valdimar Guðmannsson situr hjá við afgreiðslu málsins.*

- *Jón Ragnar Gíslason gerir tilboð í fasteignina að Mýrarbraut 28, Blönduósi. Tilboðið hljóðar uppá kr. 6.660.000,-. Bæjarráð hafnar erindinu. Valdimar Guðmannsson situr hjá við afgreiðslu málsins.*

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 13:10.

*Ágúst Þór Bragason (sign.)
Jóhanna G. Jónasdóttir (sign.)
Valdimar Guðmannsson (sign.)*

Jóna Fanney Friðriksdóttir (sign.)